

**Nd.**

### **43. Frumvarp til laga**

um búfjársjúkdóma og varnir gegn þeim.

Flm.: Jón Pálmason, Steingrímur Steinþórsson.

#### **I. KAFLI**

##### **Um stjórn heilbrigðismála búfjárins.**

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefir yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

2. gr.

Ráðstafanir um varnir gegn búfjársjúkdómum eru í höndum þriggja manna heilbrigðisnefndar, sem er skipuð forstöðumanni sjúkdómadeildar rannsóknarstofnunar

háskólans í þarfir atvinnuveganna, dýralækninum í Reykjavík og einum manni, tilnefndum af stjórn Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

Verksvið nefndarinnar er:

1. Að hafa umsjón með heilbrigðismálum búfjárins og eftirlit með störfum dýralækna í landinu.
2. Að gera tillögur til ráðuneytisins um, hvort taka skuli umsóknir um innflutning erlendra dýra til greina.
3. Að ákveða og sjá um, að einangrun aðfluttra dýra sé tryggilega framkvæmd og sóttvörnum, þeim viðkomandi, hagað svo að öruggt sé.
4. Að gera tillögur um varnir gegn útbreiðslu búfjársjúkdóma í landinu og hverjar ráðstafanir skuli gerðar til að takmarka þá eða útrýma þeim.
5. Að vera að öðru leyti ríkisstjórninni til ráðuneytis og leiðbeininga um allt, er miðar að því að varna tjóni af völdum búfjársjúkdóma.

4. gr.

Sýslumenn skulu, hver í sínu lögsagnarumdæmi, hafa eftirlit með því, að lögum þessum sé fylgt. Ber þeim, með aðstoð hreppstjórnanna, í samráði við hlutaðeigandi dýralækni, að sjá um, að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar, ef þeir komast að því, að löggin séu brotin. Leiki vafi á því, hvernig framkvæmdum beri að haga, skal leita til heilbrigðisnefndar.

## II. KAFLI

### Upptalning þeirra sjúkdóma, sem lög þessi ná til.

5. gr.

Ákvæði laga þessara ná til eftirtaldrá sjúkdóma:

I. Sjúkdómar, sem þekktir eru hér á landi:

A. Sjúkdómar, sem búfjáreigendum er skylt að tilkynna um, ef við þá verður vart:

1. Miltisbruni (Anthrax).
2. Berklar (júgurberklar í kú) (Mastitis tuberculosa).
3. Mæðiveiki (Adenomatosis pulmonum).
4. Garnaveiki (Enteritis paratuberculosa).
5. Fjárkláði (Psoroptes communis var. ovis).
6. Hringormur, í öllum húsdýrum (Dermatomyces).
7. Hundapest (Distemper).
8. Riðuveiki (Encephalitis ovis).
9. Útbrotaveiki í sauðfé.
10. Rauðsýki í svinum (Rhusiopathia).

B. Sjúkdómar, sem ekki eru tilkynningarskyldir:

1. Stífkrampi (Tetanus).
2. Lungnapest (Pasteurellosis) í sauðfé.
3. Berklar í öllu búfé (Tuberculosis).
4. Svinainfluenza (grisahósti) (Bronchopneumonia infectiosa).
5. Næm klaufaveiki (í sauðfé).
6. Höfuðsótt í sauðfé (Coenurosis cerebri).
7. Vöðvatríkinur í svinum (Trichinosis).
8. Næmt lambalát (Abortus ovis infectiosus).
9. Lifrar- og lungnasullir (Echinococchosis).

Landbúnaðarráðuneytið getur ákveðið, eftir tillögum heilbrigðisnefndar, að einhverjir þessara sjúkdóma verði tilkynningarskyldir, ef nauðsynlegt þykir.

## II. Sjúkdómar, sem ekki hafa þekkt hér á landi:

1. Gin- og klaufaveiki (í öllum klaufdýrum).
2. Fjárnóla (*Variola ovina*).
3. Grafmaurakláði (*Acarus ovis*).
4. Influenza (*Bronchiopneumonia equina infectiosa*).
5. Snífa (*Malleus*) í hestum.
6. Kláði (*Acarus* og *psoroptes*) í hestum.
7. Hálsbólga (*Angina*) í hestum.
8. Nautapest (*Pleuropneumonia bovina*).
9. Næm lungnabólga (*Pasteurellosis*) í nautgripum.
10. Næmt kálfalát (*Abortus infectiosus*).
11. Svínapest (*Virus*).
12. Illkynjuð katharralsýki (í nautgripum).
13. Hundakláði (*Demodex folliculorum*).
14. Hænsnakólera (í alifuglum).
15. Hæsnapest (í alifuglum).
16. Páfagaukaveiki (*Psittacosis*).
17. Bitæði (*Rabies*) í hundum.
18. Húðmaðkur (í nautgripum).

Ef líkur verða til, að aðrir hættulegir erlendir sjúkdómar berist til landsins, skulu ákvæði laganna einnig ná til þeirra, og er heimilt að setja um það nánari ákvæði á hverjum tíma með reglugerð. Sama gildir, ef áður óþekktir sjúkdómar koma upp innanlands.

## III. KAFLI

### Varnir gegn því, að alidýrasjúkdómar berist til landsins.

#### 6. gr.

Bannað er að flytja til landsins klaufdýr, hófdýr, rándýr, nagdýr og alifugla. Landbúnaðarráðuneytið getur þó, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar, veitt undanþágu frá banni þessu, ef tryggilega er séð fyrir einangrun og sóttvörnum samkvæmt lögum þessum.

#### 7. gr.

Bannaður er innflutningur á þessum vörutegundum:

- a. Heyi, hálm, kjarnfóðri, dýraáburði, sláturafurðum, hverju nafni sem nefnast, gömlum pokum og notuðum tuskum allskonar.
- b. Ull.
- c. Notuðum fatnaði, fiðri, fjöðrum, dún, stráábreiðum, körfum úr strái, dýrahári og vörum, sem gerðar eru úr því, svo sem burstavörum, penslum, kústum og hrosshársvörum. Vörur, sem taldar eru í þessum lið, má þó flytja inn, ef þær eru sóttthreinsaðar við tilbúning eða áður en þær voru fluttar á skip, enda fylgi þá vörunum vottorð um uppruna eða vinnslu þeirra og sóttthreinsun. Heimilt er þó ráðherra að fyrirskipa sóttthreinsun á slíkum vörum, er þær koma hingað til lands, ef hann telur ástæðu til.
- d. Fóðurkökur og rófur.

Undanþágu frá innflutningsbanni getur þó ráðherra veitt í einstökum tilfellum, ef tryggt er, að engir næmir dýrasjúkdómar hafi verið síðastliðin 3 ár í landi því eða landshluta, sem varan er innflutt frá. Ef hætta er talin á, að sóttnæmi geti borizt með öðrum vörum en taldar eru í þessari gr., getur ráðuneytið bannað innflutning á þeim.

#### 8. gr.

Hver sá maður, sem hingað kemur til lands frá útlöndum, skal á fyrstu höfn, sem skipið eða flugvélin kemur á, gefa lögreglustjóra eða sóttvarnalækni, áður en hann

stigur á land, yfirlýsingu að viðlögðum drengskap um það, hvort hann hafi á síðustu 5 mánuðum, áður en hann fór frá útlöndum, verið á stöðum, þar sem gin- og klaufaveiki eða aðrir næmir alidýrasjúkdómar hafi gengið síðastl. ár. Hafi farþegi verið á slíkum stöðum á síðustu 5 mánuðum, skal hann tafarlaust einangraður þar til hann og farangur hans hefir verið tryggilega sóttþreinsaður.

9. gr.

Öll þau dýr, sem eru með skipum þeim, er koma til landsins, t. d. eign skipverja eða farþega, skulu tryggilega einangruð, eftir fyrirmælum hlutaðeigandi lögreglustjóra eða sóttvarnalæknis, meðan skipið er hér við land. Ennfremur getur landbúnaðarráðuneytið bannað með auglýsingu skipum þeim, er sigla hingað til lands, að hafa meðferðis nokkur þau dýr, sem um getur í 6. gr.

10. gr.

Komi það fyrir, að einhverjir flytji inn dýr án heimildar, skulu þau tafarlaust drepin, er þau koma á land, og skrokkurinn brenndur.

Verði innflutningur leyfður á dýrum til kynbóta, skal slíkur innflutningur framkvæmdur undir ströngu eftirliti dýralæknis og yfirstjórn heilbrigðisnefndar. Eftirgreindum reglum skal þó skilyrðislaust fylgt:

1. Að dýrið eða dýrin hafi verið einangruð í heimalandi sínu að minnsta kosti 6 mánuði, undir eftirliti dýralæknis, áður en þau eru flutt út.
2. Að þeim fylgi vottorð tveggja dýralækna um, að þau séu ekki haldin neinum sjúkdómi.
3. Að dýrið eða dýrin verði jafnskjótt sem þau koma til landsins sett í einhverja eyju, þar sem útilokað er, að þau komist til lands. Til þeirra skulu sett nokkur innlend dýr, sömu tegundar, og má ekki flytja nein dýr úr eyjunni til lands fyrr en eftir 3—5 ár, og því aðeins, að innlendu dýrin hafi engan sjúkdóm tekið.
4. Að dýralæknir hafi alltaf nákvæmt eftirlit með dýrunum, meðan þau eru geymd í eyju til sóttvarna. Að öðru leyti séu nánari ákvæði um sóttvarnir sett með reglugerð, ef til innflutnings kemur.

#### IV. KAFLI

##### Skyldur þeirra manna, sem eiga sjúkt búfé.

11. gr.

Þegar vart verður við sjúkdóm í búfé, er ætla má, að sé einhver af þeim, er taldir eru í 5. gr. I. A, skal eiganda eða umráðamanni skylt að tilkynna hreppstjóra tafarlaust. Sé um þekktan sjúkdóm að ræða, sem er algengur og lækningaaðferðir kunnar við, skal hreppstjóri gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að lækna sjúkdóminn og varna útbreiðslu hans. Sé vafi á, um hvaða sjúkdóm sé að ræða, eða ef sjúkdómurinn er þekktur og engar lækningaaðferðir kunnar við honum, skal hreppstjóri strax tilkynna sýslumanni, er gerir í samráði við heilbrigðisnefnd og hlutaðeigandi dýralækni þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem ákveðnar eru í 15. gr.

12. gr.

Þegar sjúkdómur, sem heyrir undir 5. gr. I. A. eða II., kemur upp í búfé á einhverju heimili, eða flyzt þangað, skal eiganda eða umráðamanni skylt að hlíta öllum fyrirskipunum, sem gerðar verða samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða eftir þeim. Ef út af er brugðið, missir hlutaðeigandi rétt til skaðabóta samkvæmt lögum þessum, og ef miklar sakir eru, skal hann sæta sektum samkvæmt 22. gr.

## V. KAFLI

### Varnir gegn útbreiðslu sjúkdóma og ráðstafanir til að útrýma þeim.

#### 13. gr.

Dýralæknum landsins skal skylt að hafa nákvæmt eftirlit með heilbrigðisástandi alls búpenings, hverjum í sínu umdæmi. Þeir skulu vera í stöðugu sambandi við sýslumenn og hreppstjóra á svæðinu og spyrjast fyrir um, hvernig ástandið sé í þessu efni. Einkum ber þeim að fylgjast vel með, ef líkur eru til eða vissa fyrir, að einhverjir búfjárjúkdómar séu á tilteknum heimilum eða stærri svæðum. Hvenær sem vart verður við sjúkdóma, sem tilgreindir eru í 5. gr., skal dýralæknir gera ráðstafanir til lækninga og útbreiðsluvarna, eftir því sem hann telur þurfa. Ef viðtækar eða dýrar ráðstafanir þarf að gera, skal hlutaðeigandi dýralæknir leita til heilbrigðisnefndar og haga framkvæmdum í samráði við hana.

#### 14. gr.

Dýralæknar skulu halda skýrslu um alla búfjárjúkdóma, sem lög þessi ná til, og sé þar tilgreint um útbreiðslu þeirra og hætti á hverjum árstíma í umdæmi dýralæknisins. Nákvæman útdrátt úr skýrslum þessum skal dýralæknir gera í hver árslok og senda til heilbrigðisnefndar.

#### 15. gr.

Nú finnur dýralæknir við rannsókn einhvern þann sjúkdóm, sem um ræðir í 5. gr., eða sterkar líkur fyrir honum, og skal hann þá, hvort sem hann hefir verið tilkvaddur af eiganda eða af hreppstjóra, lögreglustjóra eða hann hefir orðið sjúkdómsins var á annan hátt, tafarlaust sjá um, að gerðar séu þær ráðstafanir, sem hann telur þurfa til að varna útbreiðslu og koma í veg fyrir tjón.

Dýralæknir skal hafa heimild til, eftir því sem hann telur nauðsyn á, að sjá um:

1. Að hinar sjúku skepnur séu einangraðar, eins fullkomlega og eðli sjúkdómsins gefur tilefni til og ástæður leyfa, nema eigandi gefi samþykki til, að þær séu drepnar án þess að bætur komi fyrir, svo og, ef þurfa þykir, að einangra allan búpening á hlutaðeigandi heimili eða heimilum.
2. Að mjólkinn úr hinum sjúku gripum, ef um mjólkurpening er að ræða, sé ekki notuð nema soðin og handa dýrum. Hafi mjólkurkú með miltisbruna eða annan næman, hættulegan sjúkdóm verið slátrað í fjósi, skal ekki leyfilegt að selja mjólk þaðan fyrr en eftir 14 daga.
3. Að hræ eða einstök líffæri, sem sýklar geta geymzt í, verði grafin í jörðu eða brennd, eftir að sjúkdómurinn hefir verið ákveðinn, þannig að fullvist sé, hver hann er.
4. Að tryggileg sótthreinsun fari fram á peningshúsi, þar sem sýkt dýr hefir verið inni, hlutum og dýrum, sem gætu hafa snert hið sjúka dýr eða líffæri, saur eða blóð úr því.
5. Að önnur dýr á bænum séu rannsökuð svo fljótt sem unnt er og aðrar ráðstafanir gerðar til að hindra útbreiðslu veikinnar.

#### 16. gr.

Ef einhver þeirra sjúkdóma, sem um getur í 5. gr. I, A, kemur upp, eða til landsins flyzt einhver sjúkdómur, sem um getur í 5. gr. II, þá er heimilt, eftir því sem heilbrigðisnefnd telur þurfa, að einangra stærri eða minni svæði með girðingum eða varðmönnum. Gæta skal þó þess, að girðingar eða varðlinur séu settar svo fjarri hinum sýktu sveitum, að öruggt megi telja, að veikin sé ekki komin lengra.

Lögreglustjóra er, í samráði við dýralækni, heimilt að fyrirskipa til bráðabirgða einangrun á vissum svæðum, þar til heilbrigðisnefnd hefir tekið fullnaðarákvörðum um málið.

17. gr.

Innan svæðis, sem sýkt er eða grunað og hefir verið einangrað, er lögreglustjóra, í samráði við dýralækni, heimilt að hanna með öllu flutninga á búpeningi milli einstakra heimila eða sveita, þangað til landbúnaðarráðuneytið, í samráði við heilbrigðisnefnd, gefur frekari fyrirmæli til lengri tíma.

18. gr.

Heimilt skal dýralækni eða öðrum opinberum eftirlitsmanni að slátra einni skepnu eða fleiri til frekari rannsóknar, ef hann álitur, að um einhvern sjúkdóm sé að ræða, sem útbreiðsluvarnir eru settar við. Landbúnaðarráðuneytinu skal heimilt, í samráði við heilbrigðisnefnd, að láta slátra öllu búfé ákveðinnar tegundar á sýktu eða sýktum heimilum, til útrýmingar eða heftingar hættulegum sjúkdómi. Bætur fyrir búfé, sem þannig er slátrað, greiðast úr ríkissjóði eftir ákvæðum 19. gr.

19. gr.

Þegar búpeningi er lógað vegna sóttvarna eftir fyrirmælum landbúnaðarráðuneytisins eða annara, sem fara með þessi mál, skal eigandi fá skaðabætur eftir mati. Þó mega þær ekki vera hærri en verðlagsskrárverð i hlutaðeigandi sýslu, að frádregnum nothæfum afurðum búfjárins.

Til að framkvæma mat það, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar greinar, skipar landbúnaðarráðherra þriggja manna nefnd, þar af tvo eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands og einn án tilnefningar. Nefndin skal vera ólaunuð, en fá greiddan útlagðan kostnað úr ríkissjóði.

20. gr.

Landbúnaðarráðuneytið getur, eftir tillögum heilbrigðisnefndar, látið gera ráðstafanir til að útrýma úr landinu hættulegum búfjársjúkdómi, ef sterkar líkur eru fyrir, að allsherjar lækning komi að haldi. Lyf, svo sem bóluefni, baðlyf o. s. frv., greiðist, þegar svo stendur á, að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu af fjáreigendum, nema hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn samþykki, að slíkur kostnaður greiðist úr sýslu- eða bæjarsjóði. Ef útrýming er ákveðin, skal ráðuneytið, eftir tillögum heilbrigðisnefndar, setja reglugerð um framkvæmdir, og má þar ákveða um öll atriði, sem máli skipta, og einnig sektir fyrir brot á fyrirmælum.

## VI. KAFLI

### Almenn ákvæði.

21. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur, eftir tillögum heilbrigðisnefndar, svo fljótt sem við verður komið, reglugerðir um meðferð eftirtalinna sjúkdóma:

1. Fjárkláða.
2. Mæðiveiki.
3. Berklaveiki í kúm.
4. Garnaveiki.
5. Miltisbruna.

Um leið og reglugerð gengur í gildi um hvern þessara sjúkdóma falla úr gildi eldri lagaákvæði, sem til eru um varnir gegn útbreiðslu þeirra, hvers um sig.

Heimilt skal og að setja reglugerðir um allt það, sem þurfa þykir í framkvæmd þessara laga.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 100—10000 kr., er renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögglumál.

23. gr.

Með samþykkt laga þessara falla úr gildi:

1. Lög nr. 35 11. des. 1891, um aðfluttar ósútaðar húðir.
2. Lög nr. 3 14. febr. 1902, um heimild til að banna innflutning ósútaðra skinna og húða.
3. Lög nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.
4. Lög nr. 50 14. júní 1929, um innflutning og ræktun sauðnauta.
5. I. og II. kafli í lögum nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárþóta.
6. Lög nr. 45 19. júní 1933, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að flytja inn nautgripi af brezku holdakyni.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Undanfarin ár hafa eins og kunnugt er komið upp nokkrir hættulegir búfjár-sjúkdómar hér á landi og af þeim hlotizt mjög mikið tjón. Litur út fyrir, að okkar búpeningsrækt biði þess ekki bætur á næstunni, hvernig komið er í þessu efni. Að miklu leyti stafar þetta af mistökum í sambandi við innflutning erlendra dýra, en að nokkru leyti af athugaverðum og ófullnægjandi varnarráðstöfunum innanlands.

Þau lagaákvæði, sem gilda um búfjár-sjúkdóma, eru mjög dreifð og ófullnægjandi að ýmsu leyti. Einstökum lögum á þessu sviði hefir líka með stuttu millibili verið breytt, og hefir það valdið töfum á Alþingi og glundroða í framkvæmdum til varnar. Þannig er um fjárkláðalögin og að nokkru leyti um lagaákvæði varðandi hina nýju sauðfjár-sjúkdóma. Það er því auðsætt mál, að mikil og aðkallandi þörf er á að setja ein allsherjarlög um búfjár-sjúkdóma og varnir gegn þeim. Millipinga-nefnd í tilraunamálum landbúnaðarins var ljóst, að þeirri þörf ber að fullnægja, og því hefir hún, eftir ósk landbúnaðarráðherra, undirbúið og samið þetta frumvarp, sem hér liggur fyrir. Ætlast nefndin til, að með því sé öllum varnarráðstöfunum á þessu sviði komið í fast kerfi, þannig að eigi þurfi ný lög frá Alþingi til, þó að einhver ný og óvænt óhöpp beri að höndum, heldur sé landbúnaðarráðuneytinu, í samráði við önnur stjórnarvöld á þessu sviði, jafnan heimilt að setja ákvæði um nauðsynlegar framkvæmdir. Nefndin hefir verið í samráði við Ásgeir Einarsson dýralækni um einstök atriði frumvarpsins.